



ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Reykjanes hola RN-11

**2. áfangi: Borun fyrir 13 ³/₈" vinnslufóðringu frá
250 í 701 m dýpi**



Ásgrímur Guðmundsson, Sigurður Sveinn
Jónsson, Guðlaugur Hermannsson, Ómar
Sigurðsson, Peter E. Danielsen, Sigvaldi
Thordarson og Kristján Skarphéðinsson

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

2002

OS-2002/ 019

**Ásgrímur Guðmundsson, Sigurður Sveinn
Jónsson, Guðlaugur Hermannsson, Ómar
Sigurðsson, Peter E. Danielsen, Sigvaldi
Thordarson, og Kristján Skarphéðinsson**

Reykjanes hola RN-11

**2. áfangi: Borun fyrir 13 3/8" vinnslu-
fóðringu frá 250 m í 701 m dýpi**

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

OS-2002/019

Apríl 2002



Skýrsla nr.: OS-2002/019	Dags.: Apríl 2002	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Reykjanes, hola RN-11 2. áfangi: Borun fyrir 13 3/8" vinnslufóðringu frá 250 m í 701 m dýpi	Upplag: 30	Fjöldi síðna: 42
Höfundar: Ásgrímur Guðmundsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Guðlaugur Hermannsson, Ómar Sigurðsson, Peter E. Danielsen, Sigvaldi Thordarson, Kristján Skarphéðinsson	Verkefnisstjóri: Sverrir Þórhallsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Borun háhitaholu, áfangaskýrsla	Verknúmer: 8-630245	
Unnið fyrir: Hitaveitu Suðurnesja		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Gerð er grein fyrir gangi borverks í 2. áfanga holu RN-11 á Reykjanesi og niðurstöðum rannsókna í þessum áfanga. Verkið er unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Holan, sem er boruð með Jötni, er upb. miðja vegu milli RN-9 og RN-10, er vinnsluhola. Áætlað dýpi er 2000 m. Boráfanginn hófst 4. apríl á 14. verkdegi, en þá var búið að fóðra holuna í 250 m, og lauk 14. apríl eftir að steypingu fóðringar og frágangi lauk. Holudýpi í lok áfangans var 701 m. Við borunina eru sjálfkrafa skráðar margskonar upplýsingar um holuna, og svarfsýni eru tekin á 2ja m fresti til greininga á jarðlögum. Jafnframt eru gerðar mælingar á hita í holunni, halla, vídd, gerð jarðlaga og steypugæðum. Jarðlög eru basalhraun, ýmsar gerðir móbergs og basaltinnskot. Engar vatnsæðar komu fram á dýptarbili þessa áfanga. Í 600 m er hiti kominn yfir 250°C samkvæmt ummyndun bergsins. Borverk önnuðust Jarðboranir hf. en Rannsóknasvið Orkustofnunar sá um rannsóknarhlutann.		
Lykilorð: Háhitasvæði, borun, vinnsluhola, jarðfræði, ummyndun, vatnsæðar, Reykjanes	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra:	
	Yfirfarið af: BS, PI	

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. BORSAGA.....	8
3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	21
3.1 Jarðlög og ummyndun.....	21
3.2. Vatnsæðar og hiti.....	23
4. BORHOLUMÆLINGAR.....	26
VIÐAUKAR.....	28
Viðauki 1: Dagskýrslur úr öðrum áfanga borunar holu RN-11.....	29
Viðauki 2: BHA report (uppbygging borstrengs).....	37
Viðauki 3: Myndir af ónýtri borkrónu og stýringu.....	41

TÖFLUR

Tafla 1. Gangur borunar með 17 1/2" krónu fyrir 13 3/8" vinnslufóðringu.....	8
Tafla 2. Hallamælingar í 2. áfanga.....	9
Tafla 3. Fóðrun með 13 3/8" fóðringu og steyping (fóðrunarskýrsla JB).....	19
Tafla 4. Yfirlit borholumælinga í 2 áfanga.....	26

MYNDIR

Mynd 1. Staðsetningarmynd.....	6
Mynd 2. Hönnunarteikning af holu RN-11.....	7
Mynd 3. Gangur borunar.....	9
Mynd 4. Hitamælingar við krónuskipti.....	10
Mynd 5. Hiti á leðju í borun frá 640 í 701 m.....	11
Mynd 6. Samanburður á borhraða og álagi á krónu á 640–701 m dýpi.....	12
Mynd 7. Jarðlagasnið ásamt mælingum úr sítitandi gagnskráningakerfi borsins.....	13
Mynd 8. Jarðlagasnið og mælingar í borun.....	14
Mynd 9. Hitamælingar fyrir fóðrun.....	15
Mynd 10. Áætlað rúmmál steypu.....	16
Mynd 11. Hitamælingar fyrir CBL-mælingar.....	17
Mynd 12. Gæði fóðringarsteypu metin.....	18
Mynd 13. Sphalerít á kvarsi.....	22
Mynd 14. Jarðlagasnið ásamt jarðlagamælingum, vídd og borhraða.....	25

1. INNGANGUR

Hitaveita Suðurnesja ákvað síðla vetrar árið 2002 að bora 2000 m djúpa holu, sem kemur til með að bera nafnið RN-11. Holan var staðsett suðvestan við saltverksmiðjuna, um það bil miðja vegu milli holna RN-10 og RN-9 eins og sýnt er á mynd 1. Tilgangurinn með boruninni er að auka gufuöflun úr svæðinu. Staðarnúmer holunnar í gagnagrunni Orkustofnunar er 18911. Hönnun hennar er í aðalatriðum hin sama og holna RN-9 og 10, og er sýnd á mynd 2.


Jarðboranir hf. forboruðu holuna með bornum Saga, sem er nýjasta tækið í flota þeirra, rétt fyrir miðjan marsmánuð og var því lokið 20. mars. Þá var dýpið 71 m frá yfirborði en miðað við snúningsborð Jötuns var það 79 m. Forborað var fyrir 22 1/2" yfirborðsfóðringu með 24" krónu og var hún steipt. Jarðborinn Jötunn var síðan fluttur á borstað 21. mars og lauk uppsetningu hans 7 dögum síðar. Borverki Jötuns við holu RN-11 er skipt í þrjá áfanga. Í fyrsta áfanga var borað í 250 m dýpi og sett niður 18 5/8" öryggisfóðring og hún steipt. Annar áfangi tekur yfir borun niður á um 700 m dýpi fyrir 13 3/8" vinnslufóðringu og hún steipt. Þriðji og lokaáfanginn er borun vinnsluhlutans með 12 1/4" krónu og síðan verður settur niður 9 5/8" raufaður leiðari.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir borun 2. áfanga RN-11. Vinna við 2. áfanga hófst þegar lokið var við að sjóða flans á holutoppinn og ganga frá öryggislokum 4. apríl 2002. Öðrum áfanga lauk svo 14. apríl þegar steyping fóðringar og frágangi lauk.


Í skýrslunni er fyrst gerð grein fyrir gangi verksins, og síðan gefið yfirlit yfir jarðfræði, ummyndun og vatnsæðar svæðisins er holan liggur um. Að lokum er fjallað um borholumælingar sem gerðar voru í áfanganum. Í viðauka 1 er m.a. afrit af þeim dagskýrslum, sem sendar voru út meðan á þessum áfanga stóð.

Allar dýptartölur í skýrslunni eru miðaðar við drifborð Jötuns, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Hæðarmunur frá kjallarabrun að efri brun drifborðs er 6,86 m.

Borverkið við holu RN-11 er unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Hitaveitu Suðurnesja, en rannsóknarþátturinn er unninn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningum við Hitaveitu Suðurnesja og Jarðboranir hf.



Mynd 1. Staðsetningarmynd.



Mynd 2. Hönnunarteikning af holu RN-11.

2. BORSAGA

Skömmu eftir miðnætti fimmtudaginn 4. apríl, á 14. verkdegi, var byrjað að koma öryggislokum fyrir. Upp úr hádegi voru stangar- og belggosvarari þrýstiprófaðir. Eftir það var steypa boruð út og komið í 250 m þar sem borun lauk fyrir öryggisfóðringu. Borun 2. áfanga hófst kl. 17 þann 4. apríl með 17 1/2" krónu. Uppbygging borstrengs var eins og hér segir: 17 1/2" króna, tengistykki, krónustýring, bormótor, strengstýring, dempari, tvær 8" álagsstangir, tengistykki, níu 7" álagsstangir, tengistykki, jar, tengistykki, þrjár álagsstangir, tengistykki og borstangir. Nánari upplýsingar um strenginn er að finna í viðauka 2. Sískráningarkerfi borsins var notað allan tímann meðan á borun áfangs stóð yfir.

Borun var þannig hagað að á fyrstu metrunum var skolað upp með vatni meðan mikil steypa var saman við borsvarfið. Eftir um 6 m borun var hafist handa við að blanda borleðju og var borað þannig þar til yfir lauk í þessum áfanga. Til byrja með var álag um 2-4 tonn og síðan var það aukið og var mest um 13 tonn. Borinn fór tiltölulega hratt niður enda snéri mótorinn krónunni um 140 sn/mín og síðan til viðbótar var snúningsborðið 50-65 sn/mín. Mesti gangurinn var um 15 m/klst en meðalborhraðinn nær 7-8 m/klst. Yfirlit yfir gang borunar er sýnt í töflu 1 og á mynd 3. Þegar komið var niður í 430 m dýpi var stoppað til hallamælingar í annað sinn í þessum áfanga. Mælt var í 400 m og reyndist hallinn vera 3° en hafði verið ein 1° í 300 m (tafla 2). Til þess að freista þess að minnka hallann eða að minnsta kosti að koma í veg fyrir frekari hallaupbyggingu var dregið verulega úr álaginu. Við það dró jafnframt mjög úr borhraðanum og fór hann niður í 2-3 m/klst við það og hélst nokkurn veginn þannig út borunina.

Tafla 1. Gangur borunar með 17 1/2" krónu fyrir 13 3/8" vinnslufóðringu.

Borkróna 17 1/2"	Dagur	Borun (m)	Bortími (klst.)	Meðalborhr. (m/klst.)	Tími á bor-krónu (klst.)	Dýpi (m)
MS 51 A-M	4. apríl	50	5,5	9,1	5,5	300
MS 51 A-M	5. apríl	141	20,5	6,9	26	441
MS 51 A-M	6. apríl	51	22	2,3	48	492
MS 51 A-M	7. apríl	62	22,5	2,8	70,5	554
MS 51 A-M	8. apríl	24	11	2,2	81,5	578
MS 51 A-M	9. apríl	62	21	3,0	21	640
MS 51 A-M	10. apríl	61	17	3,6	38	701
Samtals		451	119,5	3,8	119,5	


Líklegasta skýringin á þessari hallabreytingu var sú að borað var niður úr móbergstúffi í 318 m inn í harðara berg, sem er basalhraunlög. Við það virðist krónan hafa sveigst lítilega en nægilega til að leita frá lóðréttu. Túffið hafði verið samfelld frá fóðringarenda og myndunin því nokkuð samleit. Stoppað var reglulega til hallamælinga og réðu niðurstöður þeirra um hvernig borun var háttáð. Mikið reyndi á þolinmæði framkvæmdaraðila um að æða ekki niður með borinn niður enda bortækið þannig útbúið að það var lítið mál, en verklýsing gerði kröfur um að halda holunni innan ákveðins halla og við það varð að standa.

Eftir hallamælingu í 577 m dýpi, þegar bora átti áfram, gekk nánast ekkert. Eitthvað óeðlilegt var greinilega á seyði og var ákveðið að taka upp og kanna málið frekar. Er

upp kom reyndist krónan vera ónýt (viðhengi 5), þ.e. eitt smurlokið á einum af þremur kónum hafði losnað af og smokrast upp milli hjólanna á krónunni og splittað tvö þeirra þegar bora átti áfram. Eftir að króna var komin upp var hitamælt eins og sýnt er á mynd 4 til að kanna hitaástand áður en ný króna væri sett niður.


Tafla 2. Hallamælingar í 2. áfanga.

Dýpi holu (m)	Mældýpi (m)	Halli (°)	Fráv. Frá lóðréttu (m)	Raundýpi (m)
221	200	1	3,5	221
335	300	1,1	5,4	335
430	400	3	10,6	430
469	450	3	13,3	469
519	500	2,8	15,7	519
577	550	3,2	18,5	577
624	600	3,2	21,3	624
663	630	3,2	23	663
701	690	4	27,1	701



Mynd 3. Gangur borunar.

Oft er erfitt að hitamæla í holu fullri af leðju og svo var í þetta skiptið. Búrið sem ver hitanemann vill fyllast af leðju sem getur einangrað nemann frá umhverfinu í það minnsta tímabundið og þar af leiðandi geta komið fram truflanir eins og hitastökk. Trufflanir voru sérstaklega áberandi í mælingu niður, en í upp-mælingunni var hins vegar eðlilegri ferill og má sjá að hiti við botn var um 85°C og hækkaði ört, eða um tæpa eina gráðu á mínútu. Smá æðakafla eða innrennsli er að sjá í kringum um 380 metra dýpi.




Mynd 4. Hitamælingar við krónuskipti.

Sett var niður ný króna og eftir smávægilegar viðgerðir og veðurtafir hófst borun að nýju um klukkan eitt aðfaranótt þriðjudagsins 9. apríl. Borhraði var eðlilegur miðað við álag og var um 3 m/klst. Borun hélt áfram með þessum hætti þar til að fóðringardýpi var náð kl. 19:10 miðvikudaginn 10. apríl og var þá krónan á 701 m. Á þessum tíma hafði leðjuhitinn farið smám saman hækkandi og var kominn upp undir 70 °C skömmu áður en í fóðringardýpi var komið. Skolmagnið var allan tímann um tæpir 60 l/s og af þeim voru 15 l/s keyrðir með dælu 3 í gegnum sérstakan kæli, sem svínvirkaði en magnið var þó of lítið sem fékk þessa meðferð miðað við heildarskolmagnið. Þar af leiðandi náðist ekki að kæla leðjuna nægilega vel. Engin skoltöp mældust allan

bortímann að því undanskyldu, að á 577 m dýpi mældist 2,5 l/s tap, en á sama tíma sást í sískráningunni að verið var að breyta dælingunni. Það gerði tapmælinguna tortryggilega. Á mynd 5 eru hitabreytingar á skolinu sýndar síðustu 60 metrana í borun eða frá 640-701 m dýpis. Kælingin sem sést er vegna íblöndunar vatns og þegar 690 m var náð var markvisst farið að þynna leðjuna með köldu vatni.

Hiti á skoli upp 10.04.02




Mynd 5. Hiti á leðju í borun frá 640 í 701 m.

Milli kl. 22 og 23 þá um kvöldið var búið að ná þeim kælingarárangri sem talið var unnt að ná miðað við það að halda leðjunni í holunni meðan að fóðring er sett niður. Fyrir upptekt var hallamælt á 690 m dýpi og var hallinn orðinn 4° eins og sést í töflu 2. Í upptekt þegar krónan var komin upp í fóðringu var leðjunni sem þar var fyrir ofan skolað úr holunni og var því vatn að mestu leyti innan fóðringar.


Borhraði jókst lítillega síðustu 10 metrana og bergið virtist vera ágætt til að fódra í. Þegar síðasti metrinn var boraður var skoðað hvaða áhrif það hefði ef álag væri aukið, og skiluðu upplýsingarnar sér vel inn í gagnasöfnunarkerfi borsins, eins og sjá má á mynd 6. Auk þess eru sýndar niðurstöður úr skráningakerfi borsins á mynd 7 samhliða jarðlagasniði. Mæligildin sem dregin eru fram eru: borhraði, heildarþyngd borstrengs, álag á krónu, snúningsvægi (tork), snúningur drifborðs, dæling á skoli, dæluþrýstingur, hiti niður og hiti upp. Í ljós kom eftir borunina að neminn sem mældi hita niður var ekki alltaf virkur, þar sem leðjan settist að honum og einangraði hann frá virku rennsli fram hjá honum svipað því er gerst hefur í hitamælingum í holu fullri af leðju. Á mynd 8 er aftur á móti jarðlagasnið birt á sambærilegan hátt og ávallt hefur verið gert, ásamt borhraða, skolhita upp, mismunahita, skoltapi, dælingu og þrýstingi á dælum.

Búið var að taka borstrenginn upp úr holu kl. 5 að morgni fimmtudagsins 11. apríl þrátt fyrir afleitt veður. Skömmu síðar eða kl. 5:30 voru mælingamenn ROS byrjaðir á mælingaprógraminu. Athyglisvert var að sjá krónu og neðri stýringu þegar upp var komið. Krónan var greinilega étin á hliðunum og stóð ekki lengur 17 ½" mál og krónustýringin var eydd neðst á slitflötunum þannig að þar var kominn stallur í stað aflíðandi flatar. Ljóst er að eitthvað þarna niðri er slitandi fyrir þennan búnað.

Borhraði 10.04.02




Álag á krónu 10.04.02



Mynd 6. Samanburður á borhraða og álagi á krónu á 640–701 m dýpi.



Staður: Reykjanes Bor: Jötunn Skolvökvi: Gel Staðarnúmer: 18911
Holunafn: RN-11 Dýptarbil: 250-700 Verkhliuti: 2. áfangi Starfsmenn: ÁsG/SSJo



Mynd 7. Jarðlagasnið ásamt mælingum úr síritandi gagnskráningakerfi borsins.




Staður: Reykjanes
Holunafn: RN-11

Bor: Jötunn
Dýptarbil: 250-700


Skolvöki: Gel
Verkhlufti: 2. áfangi

Staðarnúmer: 18911
Starfsmenn: ÁsG/SSJ o



Mynd 8. Jarðlagasnið og mælingar í borun.


Mælingamenn unnu við holuna fram að hádegi og mældu hita, vídd, nifteindir og náttúrulegt gamma. Nánar verður fjallað um jarðlagamælingarnar síðar í skýrslunni. Á mynd 9 eru niðurstöður hitamælinga ásamt mælingunum vegna krónuskipta þann 8. sama mánuðar. Hitabreytingin neðan fóðringar er fyrst og fremst vegna kælingar innan fóðringar en þar var allri leðju dælt út meðan á upptekt stóð og fóðringin fyllt af vatni. Þar af leiðandi var meiri kæling á því svæði en neðan öryggisfóðringar. Meginniðurstaðan var sú að engar æðar var að sjá og að holan mundi verða til friðs við niðurstöðu fóðringar.



Mynd 9. Hitamælingar fyrir fóðrun.

Að loknum mælingum var hafist handa við undirbúning fóðrunar og fór fyrsta rörið niður skömmu eftir kl. 13. Verkið gekk hratt og vel og var búið að setja fóðringuna niður aðfaranótt föstudagsins og tengingu borstanga við stungustykki var lokið undir morgun. Klukkan 7:30 var byrjað að skola út borleðjuna og kæla holuna fyrir steypingu. Eftir kælingu og skolun fram yfir hádegi var kannað hvort holan hefði opnast við hitabreytingarnar en ekki varð vart við neitt tap. Þrýst var á hana til sjá viðbrögð og tók hún þá við eftir því sem þrýstingur var aukinn svipað því og þegar


reynt er að örva tregar holur. Að loknum mælingum var steypurúmmál meðfram 13 3/8" fóðringu reiknað út frá víddarmælingu og stuðst við niðurstöður frá Y-armi. Mynd 10 sýnir útreiknað steypurúmmál út frá víddarmælingu en það var áætlað rúmlega 66 m³ sem var 15-20 m³ umfram, ef holan stæði fullkomlega mál og engin útvöskun kæmi fram.




Mynd 10. Áætlað rúmmál steypu.

Steyping hófst kl. 15:50 og var notað hefðbundið gæðasement eins og verið hefur við steypingar fóðringa á háhitasvæðum, þ.e. sement blandað kísilsalla, perlusteini, bentóníti og tafefni. Fljótlega eftir að steypa fór niður var auk þess blandað saman við glimmerflögum og var sturtað úr 14 pokum í fyrstu 20 m³. Steypingin stóð yfir í 82 mínútur og kom upp allan tímann nokkrum sinnum virtist sem streymið upp væri að stoppa en það var vegna þess að hægt var verulega á steypudælunni. Það vill segja að það sem upp kom fylgdi alveg afköstum steypudælnnar. Eðlisþyngdin var um 1,61 g/cm³ að jafnaði út steypinguna. Að lokinni steypingu voru stangir losaðar frá stungustykki og gekk það allt saman eins og í sögu. Steypan seig síðan niður um 70 m og var það bil steyp ofan frá. Alls voru notuð 81,3 tonn af þurrefni í aðalsteypinguna og svo 6,8 tonn þegar steyp var ofan frá. Allar nánari upplýsingar um fóðrunina er að finna í töflu 3.

Mælingamenn ROS voru mættir í bítið morguninn eftir til að munda mælitæki sín. Fyrst var rennt niður hitamæli til að kanna hversu djúpt væri óhætt að fara niður CBL-mælinn. Síðan var CBL-mæli rennt niður í 660 m 14 tímum eftir steypingu. Niðurstöður hitamælinga eru sýndar á mynd 11. Þar sést að hiti skríður yfir 100°C nálægt 480 m en fer síðan ekki yfir 115°C. CBL-mælingin á mynd 12 sýnir góða steypu fyrir neðan 380 m dýpi en þar ofan við eru greinilega óharnaðir kaflar. Ákveðið var að bíða og mæla aftur um miðnætti og eru mælingarnar sýndar á myndum 11 og 12, en það var 29 tímum eftir steypingu. Ekki var farið dýpra niður með CBL-mælinn en á 500 m vegna hita. Steypan hafði greinilega batnað. Steypumerkið sást alls staðar bak við fóðringu og því var ályktað að steypa væri á bak við fóðringuna endilanga.




Mynd 11. Hitamælingar fyrir CBL-mælingar.



Mynd 12. Gæði fódningarsteypu metin.

Tafla 3. Fóðrun með 13 3/8" fóðringu og steyping (fóðrunarskýrsla JB).

 JARÐBORANIR HF SKIPHOLTI 50D - 105 REYKJAVÍK	FÓÐRUNARSKÝRSLA		Eyðublað nr. 68-051

Verk nr. 42681	Hola nr. RNJ - 11	Borstaður Reykjanes	Bor Jötunn	Verkkaupi Hitaveita Suðurnesja
Vídd holu 17 1/2"	Dýpt holu mv. drifborð 701	Fóðring nr. 3	Fóðrun framkv. dags. 11.4.2002.	Útfyllt af: K.S. B.G.

Holudvípi frá flangi				Fóðringard. frá fl.				Rörataling			
691,74 m				688,56 m							
FÓÐRING	Gerð	K - 55 Þyngd		68 lbs/ft							
	Utánmál	13 3/8" Innanmál		315,3 mm		LENGD	NR	MS	ALLS m		
	Veggþykkt	12,2 mm Þöntunar nr.									
	Tengi	Skrúfuð buttress, nema 9 efstu rör eru AMS				10,03	1	Þ	10,03		
	Flang	12" X 900				13,64	2	x	23,67		
	Stungutengi	Float collar				13,34	3		37,01		
	Skór	Float shoe				13,40	4		50,41		
	Miðjustillar	21	stk	Steyputappar		13,39	5	x	63,80		
STEYPING	Steypa 1 þurrefni	81.300	kg	Tafefni	280	kg	13,35	7		90,59	
	Eðlisþyngd	1,61	kg/l	Steypingartími	82	mín	12,34	8	x	102,93	
	Steyputæki	Halliburton dæla og mixari				13,38	9		116,31		
	Steypa kom upp ?	já		Eðlisþyngd steypu upp	1,61	kg/l	13,32	10	B	129,63	
	Eftirdæling	6.200	ltr	Eftirdæling	7	mín	11,62	11	x	141,25	
	Steypa 2 þurrefni	6.800	kg				11,55	12		152,80	
FRÁGANGUR	Dýpi á steypu utan röra	70	m	Steypt utan með eftir	4	klst	11,31	14	x	175,31	
	Steypa þurrefni	6.800	kg	Skorið ofan af eftir	42,5	klst	11,63	15		186,94	
	Dýpi á steypu í röri	662	m	Steypa boruð eftir	89	klst	12,46	16		199,40	
							13,03	17	x	212,43	
ATHUGASEMDIR							11,18	18		223,61	
9 efstu rör eru með AMS, 10 rör er breytirör.							11,83	19		235,44	
Steyping gekk vel, kom upp allan tíman, en leki var 2 l/sek fyrir steypingu.							11,09	20	x	246,53	
14 pokar af mica flakes fóru í 20 fyrstu rúmmetrana.							11,51	21		258,04	
Steypa seig um 70m og var steyp utan með 4 klst. Síðar.							11,49	22		269,53	
Þ er 20 mm efnisrör.							10,68	23	x	280,21	
							11,45	24		291,66	
							10,65	25		302,31	
							11,60	26	x	313,91	
							11,47	27		325,38	
							10,99	28		336,37	
							11,96	29	x	348,33	

Verk nr. 42681	Hola nr. RNJ - 11	Borstaður Reykjanes	Fóðring nr. 3	Blaðsíða nr. 2
-------------------	----------------------	------------------------	------------------	-------------------

RÖRATALNING				RÖRATALNING				RÖRATALNING			
LENGD	NR	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m
11,01	30		359,34								
10,78	31		370,12								
11,33	32	x	381,45								
11,30	33		392,75								
11,50	34		404,25								
11,62	35	x	415,87								
11,27	36		427,14								
11,37	37		438,51								
11,43	38	x	449,94								
12,10	39		462,04								
11,51	40		473,55								
11,74	41	x	485,29								
10,92	42		496,21								
11,72	43		507,93								
11,20	44	x	519,13								
11,07	45		530,20								
11,09	46		541,29								
11,80	47	x	553,09								
11,49	48		564,58								
11,32	49		575,90								
11,11	50	x	587,01								
10,80	51		597,81								
11,60	52		609,41								
10,77	53	x	620,18								
11,13	54		631,31								
11,03	55		642,34								
11,45	56	x	653,79								
11,20	57		664,99								
0,74	Kolli		665,73								
11,38	58		677,11								
10,91	59	xx	688,02								
0,54	Skór		688,56								

3. JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

3.1 Jarðlög og ummyndun

Svarfsýni voru tekin á tveggja metra fresti eins og venja er við boranir. Sýnin voru greind samhliða borun, bæði berggerð og ummyndun. Á mynd 8 eru sýnd jarðlög holunnar frá yfirborði og niður á 701 m dýpi ásamt vísbendingum um ummyndun bergsins, vatnsæðar, borhraða og skol. Ennfremur er sýnt á mynd 14 jarðlagasnið samhliða jarðlagamælingum, víddarmælingu og borhraða.

Svarf kom vel upp og með nokkuð jöfnum hraða allan tímann sem borun fyrir vinnslufórðingu stóð yfir enda borað með leðju (bentonít-geli). Þegar komið var niður úr fórðingu var komið í móberstúff en jarðlög í þessum hluta eru sem hér segir:

~260–316 m dýpi. *Móbergstúff*. Bergið er grárænt á lit, plagíóklasdílótt, og nánast ummyndað í gegn. Frauðkennd breksía slæðist með. Öðru hvoru sjást pyroxen- og ólivíndílar. Kalsít, pýrít og anhhýdrít ásamt leir eru helstu ummyndunarsteindir. Til viðbótar sést kvars á 296 m dýpi og hiti þá væntanlega kominn yfir 180°C.

316–336 m dýpi. *Basalthraun*. Bergið er blöðrótt grænleitt ummyndað meðalgrófkorna basalt. Plagíóklasdílar sjást vel og öðru hvoru glittir í ólivíndíla. Til jaðrana er bergið gráleitara og fínkornóttara. Kalsít er í blöðrum og auk þess sjást kvars, pýrít, anhýdrít og leir.

336–346 m dýpi. *Túffset*. Setið hefur nokkuð sterkan grænan lit. Sömu ummyndunarsteindir og á undan. Auk þess sjást zeólítar, líklega stilbít.

346–362 m dýpi. *Móbergstúff*. Túffið er ljósgrænt af ummyndun og mjög útfellingaríkt. Af útfellingasteindum sjást kalsít, kvars, pýrít, anhýdrít og leirsteindir.

362–368 m dýpi. *Basalthraun*. Fínkorna blöðrótt tiltölulega lítið ummyndað basalt mjög blandað túffi. Það er breksíulegt til jaðrana. Sömu útfellingar og á undan.

368–390 m dýpi. *Móbergsbreksía*. Ljósgræn mjög ummynduð breksía nokkuð túffblönduð. Á nokkrum stöðum sést óvenjumikið fínkorna grásvart lítið ummyndað basalt (376, 382 og 390 m). Plagíóklasdílar sját í breksíunni. Af útfellingasteindum sést mest af kalsíti og pýríti.

390–412 m dýpi. *Móbergstúff*. Ljósgrænt mjög ummyndað útfellingaríkt túff með basaltdreif í. Ummyndunarsteindir eru kalsít, anhýdrít, pýrít, kvars og leir. Hugsanlega er wairakít efst í laginu. Kvars er meira áberandi en áður og kristallar vel vaxnir (dæmigerður bergkristall).

412–418 m dýpi. *Basalthraunlag*. Blöðrótt grásvart lítið ummyndað fínkorna basalt. Ef bergið væri ekki þetta blöðrótt þá væri eðlilegt að álykta að um væri að ræða innskot þar sem víða má sjá kælifleti sem snerta túffið. Sama ummyndun og að ofan.

418–424 m dýpi. *Móbergstúff*. Ljósgrænt útfellingaríkt plagíóklasdílótt túff.

424–430 m dýpi. *Basalthraunlag*. Fínkornótt smáblöðrótt grængrátt basalt, oxunartútt sést í því. Ummyndunar sem áður kalsít, kvars, anhýdrít, pýrít og leir.

430–436 m dýpi. *Móbergstúff*. Mjög útfellingaríkt blöðrótt túff, grænt á lit og plagíóklasdílótt. Það er breksíulegt við neðri jaðarinn og kælifletir sjást.

436–442 m dýpi. *Basaltinnskot*. Fínkorna grásvart og þétt basalt. Bergið er smásprungið og oxunurvottur.

442–444 m dýpi. *Basaltbreksía*. Útfellingaríkt basaltbreksía sem liggur á milli innskota. Sömu útfellingar og á undan.

444–446 m dýpi. *Basaltinnskot*. Fínkorna grásvart og þétt basalt. Bergið er smásprungið og oxunurvottur.

446–450 m dýpi. *Móbergstúff*. Útfellingaríkt túff grænt á lit og að hluta til breksíulegt. Helstu ummyndunarsteindir eru kvars, pýrít, kalsít, anhýdrít og leir.


450–468 m dýpi. *Basalthraun*. Meðalgrófkorna-grófkorna ummyndað smáblöðrótt grænsvart basalt. Bergið er nokkuð þétt með áberandi grágrænum leir í. Engin breyting í ummyndun.

468–472 m dýpi. *Móbergstúff*. Ljósgræn mjög ummyndað og útfellingarík túffbreksía. Kvars, pýrít og kalsít eru áberandi. Leirinn er frekar ljós en virðist grófkristallaðri en áður.

472–502 m dýpi. *Basalthraun*. Grænsvart meðal-grófkorna smáblöðrótt basalt. Bergið er nokkuð ummyndað og leir er áberandi í því. Hugsanlega eru lagamót 480 m dýpi. Kvars, pýrít og leir eru áberandi ummyndunarsteindir.

502–508 m dýpi. *Móbergstúff*. Ljósgrænt samanpressað þétt túff blandað fínkornóttu basalti með kæliflötum. Kvars og pýrít eru áberandi sprungufyllingar.

508–512 m dýpi. *Basalthraun*. Grófkorna smáblöðrótt basalt eins og rétt fyrir ofan. Kvars er sem á undan áberandi sprungufylling en með því sést zinksúlfíðið sphalerít eins og sýnt er á mynd 13. Steindin var greind með röntgen aðferð (XRD) en hún sást einnig í holu RN-10 á 1510 m dýpi.



Mynd 13. *Sphalerít á kvarsí.*

512–550 m dýpi. *Móbergstúff og set*. Jarðlögin sem borað er í eru að mestu leyti túff og annað setkennd móberg sem er mikið ummyndað ljósgrænt á lit en inn á milli eru ferskari lög. Fáein þunn ferskleg innskot skera staflann. Á 522 metra dýpi finnast

steingervingar eða leifar sjávardýra. Er þar um að ræða brot af ígulkersbroddi og hugsanlega brot úr samlokum. Það er á svipuðu dýpi og skeljar sáust í holu RN-10. Neðan við settúffið þar sem skeljarnar finnast í verður síðan breyting á ummyndun. Epidót sést þar í fyrsta skipti í þessari holu ásamt preníti, sem gefur til kynna hita á bilinu 240–250°C. Kvars er áfram áberandi ásamt pýríti og kalsíti, auk þess sést sphalerít af og til.

550–556 m dýpi. *Basaltinnskot*. Tvö meðalkorna innskot sjást aðskilin af ljósgrænu ummynduðu túffi.

556–616 m dýpi. *Móbergstúff*. Jarðlögin sem borað er í eru enn að mestu leyti túff og annað setkennd móberg og eru mikið ummynduð, ýmist glerríkt blöðrótt móbergstúff og síðan setkenndara. Plagióklasdýlar sjást nokkuð reglulega í túffinu. Neðan 600 m sjást þunn basaltlög öðru hvoru. Lagskiptingin veldur því að erfitt er að halda holunni beinni í borun ef lagt er mikið á krónuna. Kvars, pýrít og oftast kalsít eru nokkuð stöðugar steindir og líklega anhýdrít þar með. Epidót sést aftur á 594 m dýpi.

616–626 m dýpi. *Túffset*. Nokkuð áberandi seteinkenni koma fram í plagióklasdýlöttu túffinu og steingervingar sjást í því, þ.e. einhvers konar skeljar. Epidót sést í öllum sýnum ásamt kvasi, pýríti, leir og kalsíti.

626–628 m dýpi. *Basaltlag*. Fínkorna þétt basalt grábrúnt á lit.

628–644 m dýpi. *Móberg*. Bergið er blanda af túffi og breksíu og er að hluta til oxað. Á 638 og 644 m sést blöðrótt basalt sem gætu ferð þunn hraunlög. Ummyndunarstig er nokkuð hátt og mikið er af útfellingum og meðal annars er prenít áberandi á 638 m dýpi. Epidót, kvars, prenít, kalsít, anhýdrít, leir, kalsít, pýrít og sphalerít sjást.

644–658 m dýpi. *Móbergstúff*. Bergið er að lang mestu leyti ljósgrænt ummyndað túff lítið eitt breksíu blandað. Fínkorna þétt basalt sést á 648 m. Kalsít, kvars, epidót, leir og pýrít sjást.

658–662 m dýpi. *Basalthraun*. Grænsvert meðalkorna ummyndað blöðrótt basalt. Sama ummyndun og fyrir ofan.

662–666 m dýpi. *Set*. Þetta er mikill hrærigrautur en flest kornin eru rúnnað þ.e. samlímd þannig en ekki vegna áhrifa frá ferðalagi í holunni. Sama ummyndun og fyrir ofan.

666–682 m dýpi. *Basalthraun*. Fínkorna nokkuð þétt grágræn þóleiítbasalt. Bergið er mjög blöðrótt í 674 m og gætu þar verið lagamót. Oxunartottur er við efri og neðri jaðar þessa kafla. Epidót, kvars, pýrít, kalsít og leir sjást.

682–688 m dýpi. *Glerjað basalt*. Mjög blöðrótt og breksíuríkt ummyndað basalt. Epidót, kvars, prenít, kalsít, pýrít, anhýdrít og leir eru til staðar. Einnig virðist vera vísbending um wollastónít.

